

# Víknaslóðir

## sjálfbært göngusvæði

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs hefur sett sér það markmið að Víknaslóðir verði sjálfbært göngusvæði til frambúðar.

Til að svo megi verða mun F.F.F. leita eftir samvinnu við eftirfarandi aðila: Landeigendur, sveitastjórn, Ferðamálahóp Borgarfjarðar, ferðaþjónustuaðila á Borgarfirð og aðrar ferðaskrifstofur sem selja gönguferðir um Víknaslóðir. Ferðafélagið mun beita sér fyrir að stofnaður verði auðlindasjóður sem hefur það markmið að viðhalda göngustígum og merkingum tengdum þeim, auðlindasjóðurinn verður í umsjá Ferðamálahóps Borgarfjarðar. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs mun nota árið 2017 til að kynna stefnu sína og strax árið 2018 mun Ferðafélagið hefja innheimtu á umhverfisgjaldi sem leggst á hverja gistinótt og skal gjaldið renna óskipt í auðlindasjóðinn. Ferðafélagið mun einnig greiða vissa upphæð af hverri gistinótt í þann sjóð. Ferðafélag Fljótsdalshéraðs mun takmarka þann fjölda sem gistir hverju sinni í skála og á tjaldsvæði félagsins á gönguleiðinni. Miða skal fjöldan við fimmtíu manns á hverjum stað. Takmarka skal þann fjölda ferðaskrifstofa sem F.F.F. tekur við bókunum frá og gerir við þá aðila samning til 5 ára og framlengist hann um 5 ár ef honum er ekki sagt upp af samningsaðilum með þriggja mánaðar fyrirvara. F.F.F. mun beita sér fyrir að innan 5 ára þurfi einstaklingar og hópar á eigin vegum og hyggja á gönguferðir um Víknaslóðir að skrá sig og ganga úr skugga um að nægt pláss sé í skálum eða á tjaldsvæðum.